



Lagt fyrir 386.Fund Velferðarráðs Reykjaneshæjar 8. apríl 2020

Greinargerð – Covid-19

Viðtakandi: Velferðarráð Reykjaneshæjar

Sendandi: María Gunnarsdóttir staðgengill sviðsstjóra

Gerð hefur verið aðgerðaráætlun fyrir Velferðarsvið Reykjaneshæjar sem starfsmenn vinna eftir í þeim heimsfaraldri sem nú gengur yfir. Var hún gerð á grundvelli Viðbragðsáætlunar Reykjaneshæjar við Covid-19 heimsfaraldrinum.

Fyrstu viðbragðsaðgerðir voru lagðar sunnudaginn 8. mars 2020 og hafa forstöðumenn á sviðinu síðan stöðugt endurmetið þarfir notenda í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma á daglegum fundum almannavarna og neyðarstjórnar Reykjaneshæjar.

Staðan í starfsmannamálum er almennt góð og leggja starfsmenn sig stöðugt fram um að fyrirbyggja smit og fylgja þar leiðbeiningum sóttvarnarlæknis. Starfsmenn gera sér fulla grein fyrir að þeir eru í framvarðarsveit sveitarfélagsins, hafa unnið sem ein heild, verið lausnamiðaðir, með þarfir notenda í fyrirrúmi, á þessum fordæmalausu tímum. Starfsmenn velferðarsviðs eiga svo sannarlega hrós skilið fyrir sitt framlag, ekki hvað síst þeir starfsmenn sem eru í nærþjónustu við notendur. Þjónustu velferðarsviðs hefur verið breytt til að mæta þörfum notenda en tryggja um leið öryggi þeirra. Er það gert með því að færa þjónustu í meira mæli heim til notenda, veita fjarþjónustu þar sem því verður komið við og sinna vel eftirfylgd með símtölum við notendur. Upplýsingar um Covid-19 er hægt að nálgast á ýmsum tungumálum á heimsíðu Reykjaneshæjar.

Velferðarsvið er nú með 64 einstaklinga, samtals 18 fjölskyldur sem hafa óskað eftir alþjóðlegri vernd í þjónustu sinni. Staða þeirra er ágæt og enginn hefur smitast af Covid-19. Starfsmenn velferðarsviðs eru í reglulegu sambandi við hópinn þeim til stuðnings. Rauði krossinn, hefur með aðstoð íbúa Reykjaneshæjar, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd útbúið fræðsluefni um Covid-19 á ýmsum tungumálum til að tryggja enn frekar að umsækjendur um alþjóðlega vernd hafi aðgang að grundvallarupplýsingum á tungumáli sem þeir skilja fullkomlega og geti því tekið fullan þátt í því samfélagsátaki sem er í gangi við að vinna bug á faraldrinum.

Af um 150 starfsmönnum velferðarsviðs hefur enn enginn starfsmaður smitast af Covid-19 og erum við þakklát fyrir það og hafa fáir starfsmenn þurft að fara í sóttkví. Skiptir hér miklu að starfsmenn velferðarsviðs fylgja vel tilmælum sóttvarnarlæknis og Almannavarna bæði í starfi og utan þess. Eins og fram kom á fundi Almannavarna 6 apríl 2020, í máli landlæknis, þá mun róðurinn þyngjast næstu vikur og gera má ráð fyrir því að fleiri veikist og látist á þeim tíma sem framundan er af völdum þessa faraldurs. Ekki hefur enn þurft að kalla eftir starfsmönnum úr bakvarðarsveit velferðarþjónustu en næstu vikur munu reyna á úthald, styrk og þrautseigju starfsmanna og stjórnenda og gott að vita til þess að við eigum gott bakland á þessum erfiðum tímum.